

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um kostnað við að flytja
hafnargarðinn við Austurhöfn.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

Hver er áætlaður kostnaður ríkisins af samkomulagi Minjastofnunar Íslands við lóðarhafa á Austurhafnarreitnum við Tollhúsið um að færa hafnargarðinn frá 1928, stein fyrir stein, geyma hann á meðan steipt er fyrir plötu á bílakjallara og færa á upprunalegan stað á nýjan leik?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Umhverfis- og auðlindaráðherra samþykkti sem settur forsætisráðherra tillögu Minjastofnunar um að friðlýsa í heild sinni hafnargarð sem þverar lóðina Austurbakka 2 í Reykjavík.

